

# Reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum

## Um bikarmót

1. Keppa skal í eftirfarandi flokkum hjá hvoru kyni:

	2017/2018	2018/2019
<b>U13</b>	2005 2004	2006 2005
<b>U15</b>	2003 2002	2004 2003
<b>U17</b>	2001 2000	2002 2001
<b>Fullorðinsflokkur</b>	1999 og eldri	2000 og eldri

2. Halda skal tvö (2) bikarmót auk Snjóbrettamóts Íslands.
  - Fyrsta bikarmót: SS - SBX
  - Annað bikarmót: SS - SBX
  - Snjóbrettamót Íslands: SS - BA
3. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðilum sem eiga aðild að SKÍ og með gild keppnisleyfi. Í leikskrá og skýrslum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
4. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við mótanefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur SKÍ um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til mótanefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal mótanefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur mótanefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Framkvæmdaaðilar bikarmóta komi úrslit til skrifstofu SKÍ og þátttakendum að móti loknu.
7. Verðlaun á bikarmótum:
  - U13 - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
  - U15 - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
  - U17 - Þrjú verðlaun af hvoru kyni

- Fullorðinsflokkur - Þrjú verðlaun af hvoru kyni
- 8. Á bikarmótum skal vera þriggja manna dómnefnd, sem skipuð er af SKÍ. Eftirlitsmaður er skipaður af FIS.
- 9. Skíðasamband Íslands skal fyrir 10. janúar ár hvert raða dómurum niður á bikarmót og Snjóþremmót Íslands. Dómarar skulu hafa lokið dómaramámskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis. Dómarar geta ekki verið starfandi þjálfarar hjá aðildarfélögum SKÍ.
- 10. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS um snjóþremmót.

## Útreikningur á bikarstigum - Snjóþremmi

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í öllum flokkum 12 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita.
2. Stigagjöf er þannig:

<b>1.sæti</b>	100 stig	<b>11.sæti</b>	24 stig	<b>21.sæti</b>	10 stig
<b>2.sæti</b>	80 stig	<b>12.sæti</b>	22 stig	<b>22.sæti</b>	9 stig
<b>3.sæti</b>	60 stig	<b>13.sæti</b>	20 stig	<b>23.sæti</b>	8 stig
<b>4.sæti</b>	50 stig	<b>14.sæti</b>	18 stig	<b>24.sæti</b>	7 stig
<b>5.sæti</b>	45 stig	<b>15.sæti</b>	16 stig	<b>25.sæti</b>	6 stig
<b>6.sæti</b>	40 stig	<b>16.sæti</b>	15 stig	<b>26.sæti</b>	5 stig
<b>7.sæti</b>	36 stig	<b>17.sæti</b>	14 stig	<b>27.sæti</b>	4 stig
<b>8.sæti</b>	32 stig	<b>18.sæti</b>	13 stig	<b>28.sæti</b>	3 stig
<b>9.sæti</b>	29 stig	<b>19.sæti</b>	12 stig	<b>29.sæti</b>	2 stig
<b>10.sæti</b>	26 stig	<b>20.sæti</b>	11 stig	<b>30.sæti</b>	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal 6 efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. sem þeir hafa náð á vetrinum. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.



4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrír efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einungis fullkláruð mót koma til útreiknings.
5. Reikna skal saman stigafjölda hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki og veita því stigahæsta í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti. Einnig skal veita verðlaun til til þess félags sem hefur fengið flest samanlögð stig í öllum flokkum og skal það félag kallast Bikarmeistari SKÍ það árið og hljóta verðlaun að loknu síðasta móti. Hvert félag safnar stigum undir skráðu nafni.

Samþykkt af stjórn SKÍ 16.12.2015